

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Um hlutverk og markmið VTÍ	2
2.1	Lög og reglur	2
3.	Skipulag	2
3.1	Hlutverk	2
3.2	Hagsmunir	3
3.3	Áhætta	4
3.4	Eftirlit og árangursmat	4
4.	Ráðstöfun fjármuna	5
4.1	Eignaflokkar	5
4.2	Markmið um ávöxtun og áhættu	5
4.3	Ráðstöfun skammtímafjármuna	6
4.4	Eignastýrendur	6
4.5	Fjárfestingastefna eignastýringarsafns	7
4.6	Brot á reglum	8
4.7	Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar	8

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

1. Inngangur

Eftirfarandi reglur um fjárfestingarstarfsemi eru settar af stjórn Viðlagatryggingar Íslands (VTÍ) og eru á hennar ábyrgð. Markmið reglna um fjárfestingastefnu er að skilgreina hlutverk og ábyrgð starfsmanna, eignastýrenda og ráðgjafa. Reglunum er ætlað að tryggja yfirsýn stjórnar varðandi ráðstöfun fjármuna. Reglurnar eru settar á grundvelli 1. mgr. 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Reglur þessar eru endurskoðaðar þegar þörf er á t.d. vegna breytingar á rekstrarumhverfi. Reglur um fjárfestingastefnu eignastýringarsafns Viðlagatryggingar Íslands¹ (fjárfestingastefnu VTÍ) er sjálfstætt skjal sem er endurskoðað árlega og staðfest af stjórn. Nánar er fjallað um fjárfestingastefnuna síðar í þessu skjali.

2. Um hlutverk og markmið VTÍ

VTÍ var stofnað árið 1976 og starfar samkvæmt lögum nr. 55/1992. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum þar sem þrír eru kosnir af Alþingi, einn af váttryggingarfélagunum. Formaður stjórnar er skipaður af ráðherra efnahags- og viðskiptamála. Hlutverk VTÍ er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, en það á við um eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð.

Samkvæmt 5. grein laganna er skylt að váttryggja allar húseignir og lausafé sem hafa brunatryggingu. Einnig er skylt að tryggja hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, hafnarmannvirki, brýr lengri en 50m, raforkuvirki, síma og fjarskiptamannvirki og skíðalyftur.

Fjárfestingar og fjármunir stofnunarinnar skulu taka mið af markmiðum VTÍ eins og þau birtast í gæðastefnu.

2.1 Lög og reglur

Í gæðahandbók VTÍ er listi yfir helstu lög, reglugerðir og leiðbeinandi tilmæli sem gilda um starfsemi VTÍ.

3. Skipulag

Um skipulag stofnunarinnar er fjallað í Gæðahandbók VTÍ.

3.1 Hlutverk

Eftirfarandi aðilar hafa hlutverki að gegna samkvæmt reglum þessum:

¹ Safn sem hefur verið ráðstafað til eignastýrenda

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

Stjórn: Reglur um fjárfestingastarfsemi eru á ábyrgð stjórnar sem samþykkir þær á stjórnarfundi. Stjórn skal taka fyrir og samþykkja fjárfestingastefnu eignastýringarsafns og staðfesta samninga við eignastýrendur. Stjórn hefur einnig skyldum að gegna hvað varðar viðbrögð við brotum á reglum þessum eða ráðstöfun eignastýrenda utan heimilda. Stjórn felur framkvæmdastjóra að annast framkvæmd fjárfestingastefnu en tekur ekki fjárfestingarákvarðanir að öðru leyti. Stjórnarmenn upplýsa um óhæðisástæður ef þær skapast gagnvart eignastýrendum og ráðgjöfum.

Framkvæmdastjóri: Fer með framkvæmd fjárfestingastefnu en getur framselt framkvæmd hennar með gerð samnings við eignastýrendur. Framkvæmdastjóri skal tryggja að stjórnarmenn fái allar þær upplýsingar um fjárfestingasafn² stofnunarinnar sem þeir þurfa til að geta sinnt eftirlitshlutverki³ sínu. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að ráða utanaðkomandi ráðgjafa. Framkvæmdastjóri upplýsir um óhæðisástæður ef þær skapast gagnvart eignastýrendum og ráðgjöfum.

Innri endurskoðandi: Hefur eftirlit með framkvæmd fjárfestingastefnu og tilkynnir brot á reglum til stjórnar strax og þeirra verður vart.

Eignastýrendur: Hafa umboð samkvæmt eignastýringarsamningi til að ráðstafa fjármunum í samræmi við fjárfestingastefnu VTÍ.

Ráðnir ráðgjafar: Taka saman upplýsingar og skila reglulegum skýrslum til framkvæmdastjóra.

Allir aðilar sem hafa hlutverk skv. reglum þessum hafa þá skyldu að tilkynna stjórn án tafa og undantekningalaust ef vart verður við brot á reglum þessum.

Aðrir aðilar kunna að hafa hlutverki að gegna skv. reglum þessum þó þeirra sé ekki getið hér.

3.2 Hagsmunir

Sú staða kann að koma upp að hagsmunir einstakra starfsmanna, stjórnarmanna VTÍ eða þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar fari ekki saman við hagsmuni VTÍ. Koma skal með virkum hætti í veg fyrir og upplýsa um alla hagsmunaárekstra sem kunna að koma upp vegna fjárfestingastarfsemi.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu upplýsa án undantekninga ef óhæði þeirra takmarkast vegna tengsla við þá aðila sem annast eignastýringu fyrir VTÍ, sem og við ráðinn eftirlitsaðila með eignasafni. Berist slík tilkynning skal um hana fjallað í stjórn strax á næsta fundi og ákvörðun tekin um viðbrögð.

² Eignastýringarsafn að viðbættum þeim fjármunum sem framkvæmdastjóra er heimilt að ráðstafa á innlánsreikninga í bönkum eða hjá Seðlabanka Íslands

³ Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna, bls. 11

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

3.3 Áhætta

Viðlagatrygging Íslands stendur frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu vegna fjárfestingasafns. Eftirfarandi eru skilgreiningar á áhættu sem tengist fjárfestingarstarfsemi. Skilgreiningar eru teknar úr leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins⁴:

Markaðsáhætta: hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga.

Mótaðilaáhætta: hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á lánshæfismati mótaðila. Hér fellur einnig undir hætta vegna sveiflna á lánshæfismati útgefanda skuldabréfa (skuldatryggingaálagi).

Samþjöppunaráhætta: tekur til allra áhættuskuldbindinga sem eru nógu stórar til að tap vegna þeirra gæti ógnað gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu VTÍ.

Lausafjáraáhætta: hættan á að VTÍ hafi ekki yfir nægum fjármunum að ráða eða geti selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á.

Orðsporsáhætta: er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor VTÍ hjá neytendum, mótaðilum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu. Stjórn og framkvæmdastjóra er kunnugt um ofangreinda áhættuþætti og viðhafa vinnubrögð sem eru til þess fallin að lágmarka framangreindar áhættur með ákvæðum í reglum þessum og í fjárfestingastefnu VTÍ.

3.4 Eftirlit og árangursmat

Í samningum við eignastýrendur skal kveðið á um yfirlit yfir stöðu eignastýringarsafns með að minnsta kosti mánaðarlegri tíðni.

Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að mánaðarlega séu unnin yfirlit fyrir fjárfestingasafnið sem sýna ráðstöfun fjármuna í eignaflokka og hvort ráðstöfun sé í samræmi við reglur þessar og fjárfestingarstefnu VTÍ. Á mánaðarlegu yfirliti skal jafnframt koma fram ávöxtun eignastýringarsafna og samanburður við ávöxtun vísitöluviðmiðs. Einnig skal birta ávöxtun á viðskiptareikningi hjá Seðlabanka Íslands fyrir sama tímabil sem mælikvarða á árangur fjárfestingastefnu.

Á fjögurra mánaða fresti skal gerð ítarlegri grein fyrir eignasamsetningu safns, m.a. með greiningu á ráðstöfun safnsins innan eignaflokka og sjóða. Framkvæmdastjóri skal leggja fram mánaðarleg yfirlit á stjórnarfundum til kynningar og fjögurra mánaða yfirlit skulu fá ítarlega umfjöllun og kynningu á stjórnarfundum.

⁴ Heimild: Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2011 um áhættustýringu váttryggingafélaga.

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

Árlega skal gerð skýrsla þar sem gerð er grein fyrir langtíma ávöxtun og áhættu frá upphafi fjárvörslu, markaðsvirði og eignasamsetningu safnsins, frammistöðugreiningu og þóknunum. Ársyfirlit skal fá ítarlega umfjöllun og kynningu á stjórnarfundum skv. starfsreglum stjórnar.

4. Ráðstöfun fjármuna

Ráðstöfun fjármuna stofnunarinnar skal taka mið af markmiðum og skuldbindingum hennar. Eignum stofnunarinnar er ætlað að mæta greiðslum vegna mögulegra tjóna í framtíðinni. Miða skal við bestu fánlegu upplýsingar um endurkomutíma tjóna hverju sinni til að áætla líftíma skuldbindinga út frá því.

Fjárfestingar stofnunarinnar skulu almennt vera auðinnleysanlegar, áhættulitlar og öruggar. Almennt skal fjármunum VTÍ varið til útvistaðrar eignastýringar en innan fjárfestingasafnsins skal þó vera lausafé sem er ætlað að mæta skuldbindingum sem greiðast skulu innan 12 mánaða. Nánar er fjallað um ráðstöfun skammtíma fjármuna og fjármuna til eignastýringar í köflum hér að neðan.

Lántökur umfram hefðbundin reikningsviðskipti eru óheimilar nema með samþykki stjórnar.

4.1 Eignaflokkar

Eignir VTÍ skulu almennt vera ríkistryggðar. Þó er heimilt að víkja frá reglu um ríkistryggingu með það að markmiði að bæta samspil áhættu og ávöxtunar fjárfestingasafnsins. Þannig má ráðstafa hluta fjármuna stofnunarinnar í innlán, víxla, skuldabréf eða hlutabréf án ríkisábyrgðar séu slíkar fjárfestingar heimilaðar í fjárfestingastefnu VTÍ. Heimilt er að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingasjóða þar sem undirliggjandi eignir sjóðanna falla innan þeirra eignaflokka sem nefndir voru hér að ofan.

Ef nýir eignaflokkar eru teknir inn í fjárfestingarstefnu skal fjalla sérstaklega um hvernig þeir skuli meðhöndlaðir og gerð grein fyrir þeim í bókunum stjórnar sem og í fjárfestingastefnu VTÍ. Í bókun stjórnar skal gera sérstaka grein fyrir því hvernig viðkomandi eignaflokkum er ætlað að bæta samspil ávöxtunar og áhættu. Fjárfestingaheimildir takmarkast við þær tegundir fjármálagerna sem fram koma í fjárfestingarstefnunni.

Hvað atkvæðisrétt vegna eignarhlutar VTÍ í hlutabréfum varðar þá skal stjórn ákveða hverju sinni hver skuli fara með atkvæðisrétt fyrir hönd VTÍ.

4.2 Markmið um ávöxtun og áhættu

Stjórn VTÍ skal setja sér langtímamarkmið um ávöxtun og áhættu sem skulu taka mið af varkárri fjárfestingastefnu. Markmið um ávöxtun og áhættu skulu sett fram í fjárfestingastefnu VTÍ.

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

Skilgreina skal viðmið fyrir eignastýringarsafnið sem tekur mið af áherslum stjórnar hvað varðar ráðstöfun fjármuna. Bera skal ávöxtun eignastýringarsafnsins saman við ávöxtun viðmiðsins.

Einnig skal bera ávöxtun eignastýringarsafns saman við ávöxtun á viðskiptareikningi hjá Seðlabanka Íslands, sem valkost fyrir áhættulausa ávöxtun.

4.3 Ráðstöfun skammtímafjármuna

Framkvæmdastjóra er heimilt að ráðstafa hluta fjármuna VTÍ á viðskiptareikning stofnunarinnar hjá Seðlabanka Íslands. Slíkum innlánnum er ætlað að mæta skammtímaskuldbindingum stofnunarinnar en vægi þeirra skal vera allt að 10% af fjárfestingarsafni VTÍ á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að ávallt sé aðgangur að nægilega miklu lausu fé til að mæta fjárþörf á hverjum tíma. Með skammtímaskuldbindingum er ýmist átt við greiðslur vegna tjóna eða vegna endurtryggingariðgjalda. Heimilt er að víkja tímabundið frá ofangreindum takmörkum en þó aðeins ef um óvenjulegar aðstæður er að ræða t.d. vegna verulegra tjónagreiðslna eða innlausnar eignastýringarsafns. Stjórn skal strax upplýst um frávik frá takmörkunum.

Ennfremur er framkvæmdastjóra heimilt að ráðstafa hluta fjármuna á almenna bankareikninga til að standa undir daglegum rekstri VTÍ. Vægi almennra bankainnlána á hverjum tíma má þó ekki fara umfram samanlagðan rekstrarkostnað VTÍ síðastliðinna þriggja mánaða þar á undan.

4.4 Eignastýrendur

Hvað útvistaða eignastýringu varðar tekur stjórn ákvörðun um hvaða eignastýrendur skuli annast eignastýringu VTÍ með hliðsjón af samningstilboði eða samningsdrögum við viðkomandi eignastýrendur. Gert er ráð fyrir að hverju sinni skuli að minnsta kosti tveir aðilar fara með eignastýringu fyrir hönd VTÍ. Samningar við eignastýrendur skulu vera ótímabundnir en uppsejjanlegir.

Eignastýrendur skulu hafa leyfi til eignastýringar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stjórn skal meta hverju sinni, hvort og þá hvaða frekari kröfur skuli gera til eignastýrenda. Meta skal árangur eignastýrenda hverju sinni út frá samspili ávöxtunar og áhættu.

Í samningi við eignastýrendur skulu a.m.k. eftirtaldir þættir koma fram:

1. Markmið með samningi.

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

Umfang þjónustu og skyldur eignastýrenda, þar sem m.a. er fjallað um vörslu verðbréfa, skráningu verðbréfavíðskipta og reglulega greiningu á árangri ávöxtunar og samanburðar við fjárfestingastefnu og viðmið.

2. Samskipti og upplýsingaskylda, þar skal m.a. kveðið á um hvaða upplýsingar skuli gefnar og tíðni þeirra og móttakanda upplýsinga. Að eignastýrandi haldi fjármunum VTÍ ávallt skýrt aðgreindum frá eigin fjármunum sem og annarra viðskiptavina.
3. Ábyrgð eignastýrenda. VTÍ áskilur sér rétt til að greiða ekki eignastýringarþóknun fyrir þau tímabil þegar fjárfestingar eru utan heimilda. VTÍ skal hafa heimild til að krefjast endurgreiðslu vegna fjármuna sem tapast vegna ráðstafana utan heimilda.
4. Krafa um að eignastýrandi skuli árlega afla staðfestingar innri endurskoðanda, eða annars óháðs aðila á að sjóðshreyfingar á eignasafni Viðlagatryggingar Íslands séu rétt skráðar. Í staðfestingunni þarf að koma fram staðfesting á tilvist eigna, réttu gengi og eðlilegu mati eigna og staðfesting á afstemmingum.⁵
5. Að eignastýrendur skuli standa skil á fjármagnstekjuskatti í samræmi við lög sem gilda þar um.⁶
6. Þóknanir og kostnaður vegna umsýslu eignastýringar.
7. Þagnarskylda, óhæði og hagsmunaaárekstrar.
8. Samningstími og uppsagnarákvæði.

Fyrirmæli stjórnar VTÍ um hvernig eignastýrendur skuli fara með eignastýringarsafn VTÍ skulu koma fram í fjárfestingastefnu VTÍ.

4.5 Fjárfestingastefna eignastýringarsafns

Stjórn skal taka fyrir og móta fjárfestingastefnu VTÍ. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í fjárfestingastefnunni:

1. Hlutverk VTÍ, sjónarmið um varkárni og skilyrði um að unnt verði að innleysa safnið á skömmum tíma.
2. Gildistöku breytinga á fjárfestingastefnu, þ.e. hversu langan tíma eignastýrendur hafi til að aðlaga eignasafn að breyttri fjárfestingastefnu.
3. Takmarkanir til ráðstöfunar í eignaflokka, hámark og lágmark einstakra eignaflokka.
4. Frekari takmarkanir til ráðstöfunar innan einstakra eignaflokka ef einhverjar eru, t.d. kvaðir um lánshæfi erlendra ríkisskuldabréfa.
5. Viðmiðsvísitölur einstaka eignaflokka og samsetning heildarviðmiðs fyrir eignastýringarsafn.
6. Langtímamarkmið um ávöxtun og áhættu.
7. Mat á áætluðum endurkomutíma tjóna skv. tjónamatslíkani.

⁵ Tekur gildi frá og með samningum sem gerðir eru eftir apríl 2014

⁶ Tekur gildi frá og með samningum sem gerðir eru eftir apríl 2014

Reglur um fjárfestingarstarfsemi

8. Hvaða áhættumælikvarða skuli horfa til við takmörkun áhættu og hversu mikil áhættutaka er heimil fyrir safnið.
9. Eignastýrendum er óheimilt að taka lán fyrir hönd VTÍ.

Fjárfestingaákvörðanir stjórnar eru ákvarðaðar með gerð fjárfestingarstefnu VTÍ. Frávik frá henni eru ekki heimilar nema með breytingu stjórnar á gildandi fjárfestingastefnu. Fjárfestingastefna VTÍ skal endurskoðuð a.m.k. árlega.

4.6 Brot á reglum

Fari eignastýrandi með fjárfestingum sínum út fyrir þær heimildir sem kveðið er á um í fjárfestingastefnu eignastýringarsafns skal stjórn leggja mat á hversu alvarlegt brotið er og fela framkvæmdastjóra að grípa til úrræða.

Meðal annars er hægt að grípa til eftirfarandi úrræða vegna fjárfestinga utan heimilda:

1. Gera viðkomandi eignastýranda viðvart og óska eftir útskýringum. Fara fram á tafarlausar leiðréttingar séu útskýringar viðkomandi eignastýranda ekki viðunandi.
2. Uppsögn samnings sé um ítrekuð brot eignastýrenda að ræða án viðunandi skýringa.

Ofangreind úrræði skulu kynnt eignastýrendum skriflega.

4.7 Eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar

Samkvæmt reglugerð um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld gilda takmörk um heimildir til fjárfestinga eigna á móti vátryggingaskuld.

Lágmark auðinnleysanlegra ógengisbundinna eigna skal vera nægjanlegt til jöfnunar vátryggingaskuldar. Með auðinnleysanlegum ógengisbundnum eignum er átt við innlendar peningamarkaðseignir og innlend ríkisskuldabréf. Taka skal mið af þessu við mótun fjárfestingastefnu VTÍ.